

Föstudaginn 26. febrúar 1954.

Nr. 48/1951. **Björn Gíslason** (Sigurður Ólason)
 gegn
Gísli Styff (Magnús Thorlacius)
 og **Agli Sigurgeirssyni** (sjálfur)
 og
Gísli Styff og dánarbú Jóhönnu Filippusdóttur
 (Magnús Thorlacius)
 gegn
Birni Gíslasyni.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og próf. Ármann Snævarr.

Ómerking héraðsdóms.

Dómur Hæstarétta.

Aðaláfrýjandi, sem er ólöglærður, flutti mál sitt sjálfur í héraði. Var kröfugerð hans þar mjög ófullkomin og óskýr. M. a. beindi aðaláfrýjandi kröfum ranglega gegn stefndu sameiginlega og gerði kröfu um afhendingu ýmissa muna án þess að sérgreina suma þeirra. Þá gerði aðaláfrýjandi kröfu um, að honum yrði afhent til eignar og umráða tiltekin fasteign, án þess að beina málinu gegn aðilja, sem fengið hafði afsal fyrir eigninni. Héraðsdómari lét þrátt fyrir þessa augljósu annmarka á höfðun málsins og kröfugerð aðaláfrýjanda undan falla að leiðbeina honum samkvæmt 114. gr. laga nr. 85/1936. Þá leiðbeindi héraðsdómari aðaláfrýjanda eigi nægilega um öflun gagna og málflutning.

Af framangreindum sökum þykir verða að ómerkja hinn áfrýjaða dóm ásamt allri meðferð málsins í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum og kröfum gagnáfrýjenda og stefnda hér fyrir dómi er rétt, að aðaláfrýjandi greiði hvorum gagnáfrýjenda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 2.500,00, og stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2.000,00. Málflutningslaun skipaðs talsmanns aðaláfrýj-

anda, sem fengið hefur gjafsókn fyrir Hæstarétti, kr. 4.000,00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð :

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Aðaláfrýjandi, Björn Gíslason, greiði gagnáfrýjendum, Gísla Styff og dánarbúi Jóhönnu Filippusdóttur, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, hvorum um sig kr. 2.500,00, og stefnda, Agli Sigurgeirssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2.000,00. Málflutningslaun talsmanns aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmans, kr. 4.000,00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. febrúar 1951.

Mál þetta, er dómtekið var 19. desember sl. og flutt skriflega, hefur Björn Gíslason, Þórgötu 28 A hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 25. október 1949, gegn Gísla Styff, Vatnsstíg 16, Jóhönnu Filippusdóttur, s. st., og Agli Sigurgeirssyni, Holtsgötu 25, öllum hér í bænum, og haft þar uppi kröfur um afhendingu á verðmætum og skaðabótageiðslu in solidum, sem hér greinir:

1. Mér verði afhent til frjálsrar eignar og umráða húseignin Sæmundarbúð í Grindavík, og auk þess verði mér greidd hæfileg leiga af húseigninni frá 11. maí 1946 til afhendingardags eftir mati. Til vara krefst ég, að mér verði greiddar kr. 25.000,00 í peningum með því gengi, er á þeim var árið 1947 miðað við dollar, og 5% ársvöxtum frá 11. maí 1946 til greiðsludags.

2. Skili mér aftur veiðarfærum og öðru, er útgerðinni fylgdi, svo sem fiskilóðum, niðurstöðum, belgjum, lóðarstöngum og salti, eða til vara, að mér verði greiddar kr. 6.000,00 í peningum fyrir það.

3. Mér verði greiddar kr. 2.000,00 fyrir léttbát og kr. 8.000,00 fyrir tvo „Erika“-mótora, 7—10 hestafla.

4. Mér verði skilað skrifborði mínu ásamt öllum skjölum, er í því voru, og 2 útvarpstækjum, er ég átti í Sæmundarbúð.

5. Mér verði skilað eða félagsútgerð okkar Gísla Styffs m/b Hrönn, GK. 50, í ríkisskoðunarstandi, eins og hann var í tryggri múrningu í Grindavíkurhöfn.

6. Mér verði afhent andvirði seldrar mótorvélar, kr. 1.750,00.

7. Mér verði greiddar kr. 5.864,37, er ég hef greitt vegna m/b Hrannar.

Loks hefur stefnandi krafizt 5% ársvaxta frá sáttakærudegi til greiðsludags og málskostnaðar. — Stefndu hafa krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Hinn 31. maí 1945 gerðu Helgi nokkur Jónsson og stefndi Gísli Styff með sér kaupsamning þess efnis, að Helgi lofaði að selja Gísla vélbátinn Sigurbjörgu, G.K. 41, með vél og legufærum, um 17 bjóðum af línu ásamt köðlum og bóllum, svo og fiskhús í Grindavík ásamt lóðarréttindum og fiskreit, sem húsinu fylgdi. Kaupverð eigna þessara var kr. 40.000,00, og skyldi greiða kr. 5.000,00, er seljandi hefði komið vél bátsins í gangfært ástand, en kaupandi gefa út skuldabréf fyrir eftirstöðvunum, tryggt með 1. veðrétti í eignunum, er greiða skyldi með 7 jöfnum árlegum afborgunum, í fyrsta skipti 20. maí 1946. Hinn 6. september 1945 gaf kaupandi út skuldabréfið, enda virðist seljandi þá jafnframt hafa afsalað eignunum, en gjalddögum afborgananna var breytt í 30. júní ár hvert í stað 20. maí. Kaupandi stóð ekki í skilum með greiðslu afborgunar á réttum gjalddaga, og fól seljandi stefnda Agli þá að höfða mál á hendur honum. Með dómi bæjarþingsins, upp kveðnum 19. október 1946, var stefnda Gísla gert að greiða fjárhæð skuldabréfsins, og veðrétturinn var viðurkenndur. Var síðan beðið um fjárnám 26. nóvember s. á., en þar eð eigi náðist til dómpola, varð ekki af því, að fjárnám yrði gert. Hinn 30. s. m. sneri Vilbergur nokkur Aðalgeirsson sér til stefnda Egils með umleitan um kaup á fiskhúsinu og bauð kr. 15.000,00 fyrir það. Bar stefndi Egill þetta undir veðhafa og stefnda Gísla, en þeir ákváðu að gefa Vilberg kost á að kaupa eignina fyrir kr. 17.500,00, og samþykkti Vilberg þá fjárhæð. Afsalaði stefndi Gísli Vilberg síðan fiskhúsinu 3. janúar 1947, en kaupverðið rann til veðhafa upp í dómskuldina.

Kröfur sínar byggir stefnandi á því, að hann hafi verið sam-eigandi stefnda Gísla að fiskhúsinu, og hafi þeir haft félag með sér um útgerð. Pykir rétt að taka hvern kröfulið stefnanda til athugunar um sig og þá í sömu röð og í stefnu greinir:

Um 1.

Stefnandi kveður það hafa orðið að samkomulagi, að stefndi Gísli yrði einn skráður eigandi fiskhússins, þótt þeir keyptu það báðir. Kveðst stefnandi hafa greitt þær kr. 5.000,00, er greiða skyldi í peningum, og auk þess tekið persónulega ábyrgð á greiðslu skuldabréfsins. Hafi stefndi Gísli átt að greiða fyrstu afborgun af bréfinu, en stefnandi þá næstu, og svo til skiptis, unz bréfið væri að fullu greitt. En þar eð stefndi Gísli greiddi aldrei neitt af fjárhæð skuldabréfsins, kveðst stefnandi hafa orðið að greiða það, og hafi sú fjárhæð, að frádregnu söluverði fiskhússins, með vöxtum og kostnaði

numið kr. 28.334,17. Telur stefnandi því, að hann sé raunverulega orðinn eigandi fiskhússins einn, og er aðalkrafa hans við það miðuð.

Stefndi Gísli segir, að hann og stefnandi hafi keypt eignina saman upphaflega, en stefnandi hafi ekki greitt neitt af kaupverði hennar, og sé kvittun sú frá seljanda, að fjárhæð kr. 5.000,00, sem lögð hefur verið fram í málinu, einungis gerð til málamynda.

Eins og segir að framan, gerðu þeir Helgi Jónsson og stefndi Gísli með sér kaupsamning, og var þar ákveðið, að kaupverðið skyldi vera kr. 40.000,00 og kr. 5.000,00 greiða, er afsal væri gert. Fyrrgreind kvittun frá seljanda er dagsett sama dag og skuldabréfið, en þá fór afsalið fram. Þegar þetta er virt, þykir staðhæfing stefnda Gísla um þetta efni ekki hafa við rök að styðjast. Með vísan til þessa og annars þess, er upp hefur komið í málinu um þetta efni, verður að fallast á þá staðhæfingu stefnanda, að hann hafi verið meðeigandi stefnda Gísla að fiskhúsinu. Hins vegar var stefndi Gísli einn skráður eigandi þess, og afsalaði hann því, eins og áður getur, hinn 3. janúar 1947, og verður ekki annað séð en kaupandi þess hafi verið í góðri trú, að því er varðaði eignarheimild að því. Er því ekki unnt þegar af þessari ástæðu að taka aðalkröfu stefnanda til greina. Að því er varðar varakröfu stefnanda, hefur því ekki verið andmælt af hálfu stefnda Gísla, að stefnandi hafi borið persónulega ábyrgð á greiðslu skuldabréfsins. Þegar stefnandi leysti bréfið til sín, nam fjárhæð þess ásamt vöxtum kr. 42.878,67. Bar stefnanda því að greiða þá fjárhæð að frádregnu söluverði fiskhússins, kr. 17.500,00, er ganga skyldi til veðhafans, eða alls kr. 25.378,67. Á stefnandi því endurkröfurétt á stefnda Gísla fyrir þeirri fjárhæð með þeim vöxtum, er stefnandi hefur krafizt, og reiknast þeir frá þeim tíma, er stefnandi leysti bréfið til sín, 24. september 1949.

Um 2.

Stefnandi kveðst einn hafa keypt öll veiðarfæri til útgerðar þeirrar, er þeir stefndi Gísli hafi rekið, og telur sig því eiga kröfu til tækja þeirra, er útgerð þeirra hafi fylgt. Stefndi Gísli kveðst aftur á móti einn hafa annast kaup á þessum hlutum, og hafi stefnandi komið þar hvergi nærri.

Gegn þessum andmælum stefnda hefur stefnandi ekki fært neinar sönnur á þessa staðhæfingu sína. Þá er þess og að gæta, að í vottorðum, sem stefnandi hefur lagt fram, koma fram ummæli hjá starfsmönnum útgerðarinnar, sem veita staðhæfingu stefnda Gísla um þetta efni nokkurn stuðning. Verður þessi kröfufliður stefnanda því ekki tekinn til greina.

Um 3.

Stefnandi kveðst hafa léð stefnda Gísla létþbát, er hann hafi átt, til þess að fara á milli lands og skips. Bátinum hafi Gísli aldrei skilað, og hafi hann rekið upp í fjöru og eyðilagzt. Þá telur stefn-

andi, að stefndi Gísli hafi selt tvær vélar sínar af svonefndri „Erika“-gerð alveg í óleyfi sínu.

Stefndi Gísli hefur andmælt því, að hann hafi fengið nefndan bát léðan hjá stefnanda. Kveðst hann einungis hafa haft þau afskipti af báti þessum, að stefnandi hafi leyft sér að veðsetja bátinn til tryggingar bankaláni, en þar eð virðingarverð bátsins hafi verið mjög lágt, kveðst stefndi Gísli hafa hætt við veðsetninguna. Þá hefur stefndi Gísli enn fremur andmælt því eindregið, að hann hafi selt eða haft nokkur afskipti af nefndum vélum stefnanda.

Pegar til þessa er litið, þykir þessi kröfuliður stefnanda ekki hafa við rök að styðjast.

Um 4.

Stefnandi kveðst hafa geymt skrifborð sitt í fiskhúsinu og auk þess tvö útvarpstæki og krefst nú afhendingar á því. Hefur stefnandi lagt fram vottorð frá starfsmönnum við útgerðina, að stefndi Gísli hafi tekið útvarpstækin úr fiskhúsinu.

Stefndi Gísli hefur andmælt lið þessum og talið muni þessa sér algerlega óviðkomandi.

Stefnandi skýrði svo frá fyrir lögreglurétti Reykjavíkur, er rannsókn fór fram þar vegna skipta þeirra Gísla, að hann hefði ekki séð skrifborð sitt í fiskhúsinu, eftir að stefndi Gísli fór þaðan, og var það áður en afsalið fór fram til nefnds Vilbergs. Gegn andmælum stefnda Gísla er ósannað, að hann hafi haft skrifborðið á brott með sér, og þar eð stefnandi hefur ekki haldið því fram, að stefndi Gísli hafi borið ábyrgð á geymslu þess í fiskhúsinu, verður þessu atriði kröfuliðarins ekki sinnt.

Stefnandi hefur lagt fram vottorð þess efnis frá fjórum starfsmönnum útgerðarinnar, að stefndi Gísli hafi tekið annað af útvarpstækjum þeim, er verið hafi í fiskhúsinu. Vottorðum þessum hefur ekki verið andmælt af hálfu stefnda Gísla, og verður honum því gert að skila stefnanda tækinu.

Um 5.

Kröfur sínar samkvæmt þessum lið byggir stefnandi á því, að þeir stefndi Gísli hafi keypt bátinn í sameiningu og haft félag um útgerð hans. Stefndi Gísli hefur hins vegar eindregið andmælt því, að stefnandi hafi verið meðeigandi að bátnum.

Gegn þessum andmælum hefur stefnandi engar sönnur leitt að því, að hann hafi verið meðeigandi stefnda Gísla að bátnum, enda var stefndi Gísli einn skráður eigandi hans. Verður þessum kröfulið því ekki sinnt.

Um 6.

Gegn eindregnum andmælum stefnda Gísla hefur stefnandi engin gögn fært fram þessum kröfulið til stuðnings, og verður hann ekki tekinn til greina.

Um 7.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu nokkra reikninga þessum

kröfulið til stuðnings yfir vinnu við v/b Hrönn og olíu og benzín til hans. Eins og að framan getur, voru þeir stefndi Gísli í félagi um útgerð bátsins, og virðist stefnandi sjálfur því eiga að greiða einhvern hluta þess kostnaðar. Þar eð ekkert er upp komið í málinu um, hvernig skipta skyldi þeirra í milli kostnaði af útgerðinni, verður að sýkna stefnda Gísla af þessum lið að svo stöddu.

Kröfur sínar á stefndu Jóhönnu byggir stefnandi á því, að hún hafi stöðvað félagsútgerð þeirra stefnda Gísla með því að reka starfsmenn, sem hann hafi ráðið, út úr fiskhúsinu og meinað þeim að dveljast þar við vinnu sína. Hins vegar eru kröfur stefnanda á hendur henni ekki miðaðar við tjón það, er hann kann að hafa beðið af þessu verki hennar, eins og ljóst er af framansögðu. Þegar það er haft í huga, að stefnandi er ekki einn aðili að hugsanlegri skaðabótakröfu um þetta efni, þykir verða að sýkna stefndu Jóhönnu af kröfum stefnanda í máli þessu, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður gagnvart henni.

Kröfur sínar á hendur stefnda Agli byggir stefnandi á því, að stefndi Egill hafi átt þátt í sölu fiskhússins til nefnds Vilbergs, þótt honum hafi verið kunnugt um, að stefnandi væri meðeigandi stefnda Gísla að húsinu, auk þess sem stefnandi kveðst áður hafa verið búinn að snúa sér til stefnda Egils og biðja hann að gæta hagsmuna sinna í sambandi við viðskipti sín við stefnda Gísla, og hafi stefndi Egill lofað aðstoð sinni í því efni.

Stefndi Egill hefur eindregið andmælt því, að honum hafi verið kunnugt um, að stefnandi væri meðeigandi stefnda Gísla að fiskhúsinu, svo og því, að stefnandi hafi beðið sig að gæta hagsmuna hans í þeim skiptum.

Gegn andmælum þessum hefur stefnandi engin rök fært að kröfum sínum. Ber því að sýkna stefnda Egil af kröfum stefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður gagnvart honum.

Úrslit máls þessa verða því þau, að stefnda Gísla ber að greiða stefnanda kr. 25.378,67 með 5% ársvöxtum frá 24. september 1949 til greiðsludags. Þá ber stefnda Gísla enn fremur að afhenda stefnanda útvarpstæki það, er hann hafði á brott með sér úr fiskhúsinu. Stefndi Gísli á að vera sýkn að svo stöddu af kröfum stefnanda til greiðslu á kr. 5.864,37. Þá þykir rétt, að stefndi Gísli greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.500,00. Að öðru leyti á stefndi Gísli að vera sýkn af kröfum stefnanda svo og stefndu, Jóhanna og Egill, og fellur málskostnaður niður, að því er þau varðar.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn, og hefur dómsuppsaga dregizt um venju fram vegna veikinda dómarans.

Dómsorð:

Stefndu Jóhanna Filippusdóttir og Egill Sigurgeirsson eru

sýknuð af kröfum stefnanda, Björns Gíslasonar, í máli þessu, en málskostnaður fellur niður, að því er þau varðar.

Stefndi Gísli Styff greiði stefnanda kr. 25.378,67 með 5% ársvöxtum frá 24. september 1949 til greiðsludags og kr. 1.500,00 í málskostnað.

Stefndi Gísli Styff er sýknaður að svo stöddu af kröfu stefnanda um greiðslu á kr. 5.864,37.

Að öðru leyti á stefndi Gísli Styff að vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. marz 1954.

Nr. 190/1953. **Ákærvaldið** (Magnús Thorlacius)
gegn

Jóni Magnússyni Guðmundssyni
(Gunnar Þorsteinsson).

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Jóhannesson.

Bifreiðalagabrot. Líkamsáverkar.

Dómur Hæstaréttar.

Björn Sveinbjörnsson, fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Skýrslur lækna, sem lagðar hafa verið fram í Hæstarétti, sýna, að Sigríður Guðmundsdóttir mun hafa hlotið við slys það, er í málinu greinir, rifbeinsbrot, sár á handlegg og nefi svo og augnmeiðsl. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Þá ber og að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1.200,00 til hvors.